

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps
vegna Sogsvirkjana við Úlfljótsvatn.**

Skipulagsstofnun staðfesti 22. desember 2021 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. desember 2021.

Í breytingunni felst staðfesting á núverandi landnotkun við Steingrímsstöð. Við Írafossstöð er áformað að reisa tengivirki og vetnisstöð við Ljósafossstöð. Gamlar byggingar verða fjarlægðar af svæðinu, háspennulína tekin niður og vegtengingar af Þingvallavegi endurskoðaðar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 22. desember 2021.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2022